

Jólafundur Beta- og Mýdeilda 2018, haldinn í Brekkuskóla 30. nóvember 2018 kl. 19:00

1. Setning fundar

Sigríður Magnúsdóttir formaður Betadeildar bauð fundarkonur hjartanlega velkomnar á árlegan jólafund deildanna en nú degi síðar en til stóð þar sem veður og færð hamlaði fundarhöldum á fyrirhuguðum fundardegi 29. nóvember. Búið var að boða til fundarins í húsi Náttúrulækningafélagsins í Kjarnaskógi en vegna snjóþyngsla þar um slóðir var tekin ákvörðun um að færa fundinn í Brekkuskóla. Mættar voru 19 konur en nokkuð margar konur forfölluðust vegna breytingar á fundartíma og ófærðar í kringum Akureyri. Nokkrar breytingar urðu á fyrirhugaðri dagskrá.

Sigríður bað Ingibjörgu Auðunsdóttur að kveikja á kertum og lét Ingibjörg nokkur orð um mikilvægi vináttu, trúmennsku og hjálpsemi fylgja þeirri athöfn og tengdi hún við áberandi samfélagsumræðu þessa dagana. Að því loknu bauð Sigríður konum að hefja borðhald en á boðstólum var vel úti látið hlaðborð girnilegra rétta frá Mat og Mörk.

2. Orð til umhugsunar

Eygló flutti orð til umhugsunar en hún gerði að umtalsefni sínu hvernig áherslur á aðventunni hafa breyst í tímans rás. Á einhverjum tíma hafi verið farið að leggja áherslu á að lifa og njóta í stað hins áður hefðbundna jólaundirbúnings svo sem eins og þrifa og baksturs. Hefðin að lifa og njóta hafi síðan orðið svo yfirdrifið og leitt til stress og samviskubits yfir að ná ekki að mæta á margvíslega menningarviðburði og athafnir skóla, vinnustaða, félagasamtaka og fleiri og fleiri stofnana í þeim tilgangi að njóta lista og alls kyns samveru. Eygló hvatti þar með konur til slaka á við að lifa og njóta svo þær náði að lifa og njóta.

3. Sögustund

Ragnheiður Þórsdóttir úr Mýdeild hljóp í skarð Katrínar Fjólu sem var fjarverandi vegna ófærðar en Katrín Fjóla hafði ætlað að segja frá endurminningum sínum um jólahald á fjarlægðum slóðum. Ragnheiður las söguna *Spjaldvefnaður* eftir

Theodoru Thoroddsen. Sagan er um ástir og örlög konu einnar sem óf ástmanni sínum bönd. Hann fórst í hafi en löngu síðar fannst sjórekið lík og þekktist það af þessum böndum sem konan hafði ofið.

4. Jólasaga

Hugrún Sigmundsdóttir Betadeild las sögu eftir Bjarna Hafþór Helgason sem lýsti á íroníksan hátt ofáti á jólum sem þrátt fyrir endurminningar um svima og verki vekja líka upp ákveðinn trega til þess tíma þegar jólagóðgerðirnar voru sannarlega ekki daglegt brauð.

5. Samsöngur og möndlugjöf

Petra Óskarsdóttir og Ásdís Arnardóttir úr Mýdeild stjórnuðu samsöng. Eftir góðan söng voru eftirrétir bornir á hlaðborðið. Þar á meðal var möndlugrautur og var það Selma sem var svo heppin að hreppa möndluna og fékk að sjálsögðu möndlugjöf.

6. Fundarslit

Ingibjörg Auðunsdóttir slökkti á kertum og Sigríður sleit fundi formlega kl. 21.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir